



1. útgáfa / 18.1.2010

Öryggisblað (MSDS)

skv. reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

1. AUÐKENNING EFNISINS EÐA EFNABLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS EÐA FYRIRTÆKISINS

Vöruheiti: Permatex COLD WELD BONDING COMPOUND - hluti 1

Vörunúmer: 571 14600

Notkunarsvið: Epoxy resín

Framleiðandi: Permatex

Söluaðili: N1

Dalvegur 10-14
201 Kópavogur

Sími: 440 1000

Netfang: n1@n1.is

Veffang: www.n1.is

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Símanúmer neyðarlinunnar er 112.

2. HÆTTUGREINING

Fólk:

Efnið telst varasamt fólk skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Ertir augu og húð.

Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.

Inniheldur epoxýsambönd.

Sjá upplýsingar frá framleiðanda.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Umhverfi:

Efnið flokkast sem hættulegt umhverfinu (N) skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Sjá einnig 12. lið.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

Innihaldsefni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Flokkur	Merki	H-setningar	Styrkur
4,4'-Ísóprópylíðendífenól, ólígómer myndefni með 1-klóró-2,3-epoxyprópan	25068-38-6	500-033-5	-	Xi,N	36/38-43-51/53	30-60%
Kalksteinn	1317-65-3	215-279-6	-	-	-	50%
Sílfkondíoxíð, meðhöndlað, tilbúið, kristalfrítt	67762-90-7	-	-	-	-	<5%
Bensýlalkóhól	100-51-6	202-859-9	-	Xn	20/22	>0,1-1,0%

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.

Sjá flokkun efnisins í 2. og 15. lið og H- og V-setningar þess í 15. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

Almennt:

Öryggisblað skal ætíð vera tiltækt á vinnustað.

Ef grunur um heilsutjón eða krankleika vaknar leitið þá strax lækni.

Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf.

Sé sá slasaði meðvitundarlaus; leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax lækni.

Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk!

Hafið í huga að hættulegt getur verið að veita blástursaðferð ef efnið er eitrad, hættulegt við inntöku eða ætandi.

Sýnið lækni öryggisblað.

Innöndun:

Tryggið ferskt loft.

Haldið hita á þeim slasaða og látið hann hvílast.

Veitið öndunaraðstoð andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki. Þjálfaður aðili getur gefið þeim slasaða súrefni.

Leitið lækni eins og ástand segir til um eða ef óþæginda verður vart.

Snerting við augu:

Fjarlægið linsur ef við á. Skolið strax með miklu af vatni í a.m.k. 15 mín. og haldið auganu vel opnu á meðan.

Hafið strax samband við lækni á meðan á augnskolun stendur.

Snerting við húð:

Skolið með vatni.

Þvoið strax vel með sápu og miklu af vatni. Fjarlægið allan fatnað sem komist hefur í snertingu við efnið.

Leitið lækni verði ertingar vart (t.d. roða í húð).

Inntaka:

Skolið strax munn með miklu vatni - Tryggið síðan strax ferskt loft að því loknu.

Hafið strax samband við lækni - Farið strax á slysamóttöku.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

Æskileg/nauðsynleg viðbrögð við eldsvoða:

Fjarlægið umbúðir af eldstað sé slíkt mögulegt - ef ekki, kælið með vatnsúða.

Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

Viðeigandi slökkviefni:

Alkóhólþolin froða, kolsýra, slökkviduft eða vatnsúði.

Slökkviefni sem af öryggisástæðum má ekki nota:

Fer eftir eðli og umfangi eldsvoðans - Ekki er þekkt að efnið setji kröfur þar um.

Sérstök hættu vegna efnisins eða efna sem myndast við bruna:

Við bruna myndast þykkur, svartur reykur.

Persónulegur hlífðarbúnaður:

Notkun hlífðarbúnaðar fer eftir eðli og umfangi eldsvoðans.

Notkun öndunarbúnaðar getur verið nauðsynleg.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

Sjá 8. lið fyrir takmörkun áverkunar og notkun persónuhlífa og 13. lið fyrir förgun.

Tilkynningar:

Berist efni á einhvern hátt í umhverfið skal tilkynna það viðeigandi yfirvöldum, s.s. lögreglu, slökkviliði og heilbrigðiseftirliti.

Til verndar fólki:

Sjá lið 7, 8 og 11.

Til verndar umhverfi:

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, sjó/vatn, grunnvatn eða jarðveg.

Aðferðir við hreinsun:

Hreinsið upp með óbrennanlegu ísogsefni, s.s. mold, sandi, kisilgúr eða sambærilegu efni.

Mokið/dælið upp og komið fyrir í merktu íláti. Fargið eins og fram kemur í 13. lið.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Meðhöndlun:

Öryggi fólks við meðhöndlun:

Sjá 6. lið.

Tryggið góða loftræstingu.

Forðist myndun gufu eða misturs.

Forðist alla snertingu efnisins við augu.

Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðhöndlun efnavara.

Geymsla:

Efni geymt með öðrum efnum:

Sjá 10. lið.

Sérstakar geymsluaðstæður:

Sjá 9. og 10. lið.

Geymið á þurrum, svölum og vel loftræstum stað.

Umbúðir:

Tómar umbúðir innihalda leifar af efninu og þær skal því meðhöndla af varúð og koma sem fyrst til spilliefnamóttöku.

8. TAKMÖRKUN VÁHRIFA/PERSÓNUHLÍFAR

Tryggið góða loftræstingu annað hvort með staðbundnu útsogi eða almennri loftræstingu.

Engin mengunarmörk hafa verið skilgreind fyrir efnið eða innihaldsefni þess.

Persónuhlífar:

Til hlífðar öndunarfærum:

Sé loftræsting ekki nægjanleg skal nota viðurkennda öndunargrímu.

Við "venjulega" notkun/aðstæður er ekki talin þörf á notkun öndunargrímu.

Til hlífðar höndum:

Notið hlífðarhanska úr neópren eða nítrílgúmmí.

Til hlífðar augum:

Notið viðurkennd hlífðargleraugu.

Til hlífðar húð:

Hlífðarfatnað skal velja með hliðsjón af notkun efnisins og hættum þess samfara.

Tæknilegar ráðstafanir:

Greiður aðgangur að vatni.

Augnskol og neyðarsturta.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Almennar upplýsingar:

Form:	Vökvi
Litur:	Svartur
Lykt:	Dauf
Suðumark:	>150°C
Eðlisþyngd gufu (loft=1):	>1
Uppgufunarhraði	<1
Leysanleiki:	
Vatn:	Leysanlegt

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

Aðstæður sem skal forðast:

Sjá 7. lið.

Stöðugt við tilætlaða notkun og réttar geymsluaðstæður.

Forðist hita.

Efni sem skal varast:

Sjá 7. lið.

Sterkir oxunarmiðlar, basar, amín og sýrur.

Varasöm niðurbrotsefni:

Sjá 5. lið.

Kolmónoxíð, koldíoxíð, fenól, aldehyð geta myndast við niðurbrot.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Efnið telst varasamt fólki skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Engar upplýsingar liggja fyrir um eiturfraeðileg áhrif efnisins, en eftirfarandi upplýsingar byggja á þekkingu á innihaldsefnum þess.

Bráð/síðbúin eituráhrif:

Innöndun:

Innöndun getur valdið ertingu í öndunarfærum.

Snerting við augu:

Getur valdið ertingu í augum og slímhimnu.

Snerting við húð:

Getur valdið ertingu. Efnið affitar húð.

Inntaka:

Hættulegt heilsu við inntöku.

Getur valdið ertingu í munni, háls og maga.

Langtímaáhrif:

Krabbamein:

Getur myndað formaldehyð við mikinn hita.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Efnið flokkast sem hættulegt umhverfinu (N) skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Upplýsingar í þessum lið byggja á þekkingu á innihaldsefnum.

Umhverfiseituráhrif:

Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Hreyfanleiki:

Engar upplýsingar liggja fyrir um hreyfanleika.

Þrávirkni og niðurbrot:

Engar upplýsingar liggja fyrir um þrávirkni og niðurbrot.

Hugsanleg uppsöfnun í lífverum:

Engar upplýsingar liggja fyrir um uppsöfnun í lífverum.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

Förgun efnis/efnisleifa:

Farga skal efninu og leifum þess skv. gildandi lögum og reglum.

Koma skal efninu til móttökustöðvar.

Förgun umbúða undan efninu:

Farga skal umbúðum undan efninu skv. gildandi lögum og reglum.

Tæmið umbúðir vel og hreinsið ef hægt er áður en þeim er skilað til förgunar/endurvinnslu.

Umbúðum, sem ekki er hægt að tæma eða hreinsa á fullnægjandi hátt, skal fargað á sama hátt og efninu.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Vegflutningar ADR:

Flokkur:	9 (M6) Önnur hættuleg efni
UN-númer:	3082
Hættuflokkur:	9
Pökkunarflokkur:	III
Lýsing á innihaldi:	EFNI HÆTTULEGT UMHVERFINU, n.o.s. (bisfenól)

Sjóflutningar IMO/IMDG:

Flokkur:	9
UN-númer:	3082
Merking:	9
Pökkunarflokkur:	III
EMS-númer:	F-E, S-E
Proper ship name:	ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, LIQUID, n.o.s. (bisphenol)

Flugfrakt ICAO/IATA:

Flokkur: 9
 UN-númer: 3082
 Merking: 9
 Þökkunarflokkur: III

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingar frá framleiðanda. Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir (REACH).

Varnaðarmerki: Xi,N



Varnaðarorð: Ertandi, hættulegt umhverfinu.

Innihald (m.a.): 4,4'-Ísóprópylidendífenól, ólígómer myndefni með 1-klóró-2,3-epoxýprópan

Hættusetningar:

- | | |
|-------|---|
| 36/38 | Ertir augu og húð. |
| 43 | Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð. |
| 51/53 | Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. |

Varnaðarsetningar:

- | | |
|-------|--|
| 2 | Geymist þar sem börn ná ekki til. |
| 24/25 | Varist snertingu við húð og augu. |
| 26 | Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis. |
| 36/37 | Notið viðeigandi hlífðarfatnað og hlífðarhanska. |
| 61 | Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar/öryggisleiðbeiningar. |

Sérákvæði um merkingar:

Inniheldur epoxýsambönd.
 Sjá upplýsingar frá framleiðanda.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Hættusetningar innihaldsefna:

- | | |
|-------|---|
| 20/22 | Hættulegt við innöndun og inntöku. |
| 36/38 | Ertir augu og húð. |
| 43 | Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð. |
| 51/53 | Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. |

Varnaðarmerki innihaldsefna:

Xn - Hættulegt heilsu
 Xi - Ertandi
 N - Hættulegt umhverfinu

Útgáfa: 1.

Dags.: 18.1.2010

Öryggisleiðbeiningar þessar eru unnar af Mannviti (FI).

SNR Mannvits: OB-100-123-2.100.012

Öryggisleiðbeiningar þessar eru byggðar á okkar bestu þekkingu ásamt upplýsingum frá framleiðanda og eru unnar í samræmi við gildandi reglugerðir. Öryggisleiðbeiningarnar eiga einungis við um vöruna eins og hún kemur frá söluaðila. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.